

4. bekkur - stærðfræði - Haust2020

Kennarar: Ingibjörg Halla Hjartardóttir; Rakel Heimisdóttir

4

Lýsing

Þetta er kennsluáætlun í stærðfræði í 4. bekk, haustönn 2020. Áætlunin skiptist í 6 lotur. Hæfni nemenda verður metin í lok hverrar lotu. Áætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.

Viðfangsefni

Stærðfræði

Kennsluáætlun 4. bekkur H20

Lota 1 Hnitakerfið

Viðfangsefni: Nemendur þjálfast í að staðsetja og teikna myndir, reiti og punkta í rúðuneti og í hnitakerfi. Nemendur læra að lesa og merkja hnit punkta í hnitakerfi. Nemendur lýsa hreyfingu í hnitakerfi.

Lota 2 Tölur stærri en 1000 og minni en 0

Viðfangsefni: Nemendur þjálfast í samlagningu og frádrætti fjögurra stafa talna. Nemendur vinna með sætiskerfið og gildi tölustafanna. Nemendur þjálfast í að staðsetja og lesa tölur af talnalínu og bera saman stærð talna. Nemendur þjálfast í notkun vasareikna. Nemendur námunda að hundraði og þúsundi og þjálfast í slumpreikningi. Nemendur leysa orðadæmi. Nemendur kynnast negatífum tölum í daglegu lífi. Nemendur þjálfast í að staðsetja og lesa negatífar tölur af talnalínu.

Lota 3 Samlagning og frádráttur

Viðfangsefni: Nemendur þjálfast í hugarreikningi, samlagningu og frádrættir með tveggja stafa tölum. Nemendur námunda að hundraði, þúsundi og tugþúsundi og þjálfast í slumpreikningi. Nemendur þjálfast í reikniaðgerðunum fjórum.

Nemendur læra það þekkja merkin „jafnt“ og „ekki jafnt“.
Nemendur þjálfast áfram í notkun sætiskerfisins.
Nemendur læra að setja upp samlagningardæmi, upp að fjögurra stafa tölum.
Nemendur læra að setja upp frádráttardæmi, upp að fjögurra stafa tölum.

Lota 4 Tími

Viðfangsefni: Nemendur þjálfast í að lesa á hefðbundna og stafræna klukku og læra á mínútufjölda í einni klukkustund. Nemendur þjálfast í að reikna tímasetningar, klukkustundir og mínútur og að finna mismun milli tímasetninga. Nemendur læra að lesa úr tímatöflum og skoða tímabelti.

Lota 5 Margföldun og deiling

Viðfangsefni: Nemendur þjálfast í margföldun sem endurtekin samlagning og í deilingu sem endurtekinn frádráttur við raunverulegar, daglegar aðstæður. Nemendur læra um tengsl margföldunar og deilingar og vinna með talnamynstur. Nemendur kynnast því að víxlreglan gildir í margföldun. Nemendur finna og útskýra eigin lausnaleyðir. Nemendur rifja upp margföldunartöflurnar með áherslu á að kunna þær utan bókar.

Lota 6 Samhverfa og mynstur

Viðfangsefni: Nemendur læra að þekkja og vinna með samhverfar myndir, spegilsamhverfur og rúmfræðileg mynstur.

Nemendur þjálfast í hliðrun og snúningi.

Nemendur læra stærð horna, 90° , 180° , 270° og 360° .

Námsmat

Símat - virkni nemenda í tímum.

Stutt könnun í lok hvernar lotu.

Próf í lok annar tekið af vef MMS.

Spjaldtölvur

Ýmis stærðfræðiforrit

Snillismiðja, t.d. Osmo

Snæ - Stærðfræði - 4. bekkur - Að geta spurt

og svarað með stærðfræði

- notað einfalt tákniál stærðfræðinnar s.s. +, -, ×, :, =, > t;
- tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði

Snæ - Stærðfræði - 4. bekkur - Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á hugmyndum nemenda

Snæ - Stærðfræði - 4. bekkur - Tölur og reikningur

- notað náttúrulegar tölur, raðað þeim og borið saman
- reiknað með heilum tölum lægri en 0
- leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum
- notað tugakerfisrihátt

Snæ - Stærðfræði - 4. bekkur - Rúmfræði og mælingar

- notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu
- áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. lengd, flöt, ummál, rými, þyngd, tíma og hitastig með óstöðluðum og stöðluðum mælitækjum og notað viðeigandi mælikvarða
- speglað og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinnborið saman niðurstöður mismunandi mælinga og túlkað niðurstöður sínar

Snæ - Stærðfræði - 4. bekkur - Tölfræði og líkindi

- Kaflapróf, miðsvetrarpróf og vorpróf.